



## **Borgarráð 7. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ábatamats verkefna á þjónustu- og nýsköpunarsviði MSS24110039**

Vísað er til ábatamats verkefna á þjónustu- og nýsköpunarsviði sbr. 1. liður fundargerðar stafræns ráðs frá 23. október sl. Óskað er eftir raunstöðu þeirra 83 stafrænu verkefna sem listuð eru upp í kynningu á ábatamati verkefna þjónustu og nýsköpunarsviðs. Óskað er eftir upplýsingum um hver þeirra eru fullkláruð og komin í notkun og hver ekki. Einnig er óskað upplýsinga um fjölda starfsfólks sem kemur að þessum ábatatalningum sviðsins og hversu miklum tíma hefur verið varið í verkefnið.

### **Greinargerð:**

Fulltrúi Flokks fólksins telur að eflaust sé ágætt að hafa í huga þann ábata sem stafræn umbreyting verkferla getur haft í för með sér, en bendir á að allar þessar upptalningar í áðurnefndri kynningu eru atriði sem öllum eru kunn. Verkefni sem þessi eða svipuð hafa flest verið meira eða minna kláruð áður - hvort sem um er að ræða á vegum einkaaðila eða hins opinbera innanlands sem utan. Betur færi á því að virkja starfsfólk frekar í að klára umrædd verkefni í stað þess að eyða tímanum í meta ábatann af þeim eftir innleiðingar. Það má benda á að svona upptalningar á meintum ábata stafrænna verkefna hafa verið eins og rauður þráður í kynningum sviðsins undanfarin ár. Þess vegna er oft mun erfiðara fyrir fólk að gera sér almennilega grein fyrir raunverulegri stöðu stafrænna verkefna sviðsins en á meintum ábata þeirra.

